



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/32

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1261
komudagur 19.2.2001

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
heilbrigðis- og trygginganefnd,
nefndasvið Alþingis,
Þórshamri við Templarasund,
150 Reykjavík.

14. febrúar 2001

Efni: Um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 345. mál

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 26. janúar 2001, var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984 með síðari breytingum, 345. mál. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Markmið frumvarps þessa virðist vera að efla tóbaksvarnir hér í landi og draga þar með úr reykingum landsmanna. Skaðsemi tóbaks á líf og heilsu þeirra, sem það nota, er óumdeild, og viðurkennt er að óbeinar reykingar hafa áhrif á heilsufar þeirra, sem ekki reykja. Að draga úr reykingum er verðugt markmið, og er lýst stuðningi við það.
2. Fræðsla og skipuleg upplýsingamiðlun er jafnaðarlega best til þess fallin að skapa árangur á sviði heilsuverndar. Líklega er það einnig svo, að viðtækt og almennt fræðslustarf á sviði tóbaksvarna er vænlegra til árangurs en boð og bönn. Samkvæmt gildandi lögum um tóbaksvarnir ber að leggja a.m.k. 0,7% af brúttósölu tóbaks til forvarna á þessu sviði. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að hækka þetta framlag nokkuð, þ.e. úr 0,7% í 0,9% af brúttósölu. Má ætla, að gangi þessi hækkun eftir verði lögbundið ríkisframlag að lágmarki rúmlega 50 milljónir króna á ári. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að t.d. hafi ekki verið unnt að tryggja öllum grunnskólabörnum lögböðna tóbaksvarnarfræðslu, og sjálfsagt má finna fleiri dæmi, þar sem kynningar- og fræðslustarf mætti styrkjast, þótt vissulega hafi margt vel verið gert í þessum efnum að undanfögnu. Skaðsemi tóbaks á heilsu fólks er ótvíræð, og er eðlilegt að hluti söluverðs slíks varnings sé nýttur til forvarnarstarfs. Af þeim sökum er því varpað fram hér, hvort ekki sé tímabært að hækka "tóbaksvarnargjaldið" nokkru meira en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Er alkunna, að sífellt verður flóknara og þar með kostnaðarsamara að koma á framfæri fræðsluefni til almennings á þeim upplýsinga- og fjölmiðlatímum, sem nú eru.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til, að 14. gr. frumvarpsins verði breytt og hljóði þannig: “ 1. mgr. 15. gr. orðast svo: Skylt er að verja a.m.k. 1% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarna.”

Hér er lagt til að þetta framlag hækki úr 0,7% skv. gildandi lögum í 1%, en ekki í 0,9% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson